



Húsnefnd Félagsheimilisins Borg

Fundargerð.

13. fundur húsnefndar Félagsheimilisins Borgar var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, föstudaginn 23. nóvember 2018 kl. 12:00.

Fundinn sátu:

Ingibjörg Harðardóttir formaður, sveitarstjóri

Guðmundur Jónsson, fulltrúi sveitarstjórnar

Steinar Sigurjónsson, fulltrúi sveitarstjórnar í fjarveru Guðnýjar Tómasdóttur

Guðrún Ása Kristleifsdóttir, fulltrúi Ungmennafélagsins Hvatar

Sigríður Björnsdóttir, fulltrúi Kvenfélags Grímsneshrepps

Elín Lára Sigurðardóttir, húsvörður

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

1. Nýtt teppi á anddyri og kaffistofu Félagsheimilisins Borgar.

Fundað var enn á ný um nýtt teppi á anddyri og kaffistofu félagsheimilisins. Nýjar einlitar og lítið yrjóttar teppaprufur voru komnar og nefndarmenn ánægðir með marga liti.

Niðurstaða húsnefndar er sú að teppið skuli vera blátt með örlitlum ljósum þráðum í. Húsverði falið að fylgja eftir tilboðið sem samþykkt var af sveitarstjórn þann 3. október s.l. og panta lit númer SB:ZFU.792.

Ekki fleira tekið fyrir og fundið slitið kl. 12:25